

Fréttatilkynning:**Hagar hf. ársuppgjör // mars 2013 – febrúar 2014**

Ársreikningur Haga hf. fyrir rekstrarárið 2013/14 var samþykktur af stjórn og forstjóra félagsins á stjórnarfundum þann 15. maí 2014. Reikningurinn er fyrir tímabilið 1. mars 2013 til 28. febrúar 2014. Ársreikningurinn hefur að geyma samstæðureikning félagsins og dótturfélaga þess og er hann gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS). Endurskoðendur félagsins, KPMG ehf., hafa endurskoðað reikninginn og áritað hann fyrirvaralausri áritun.

Helstu upplýsingar:

- Hagnaður rekstrarársins nam 3.953 millj. kr. eða 5,2% af veltu.
- Vörusala rekstrarársins nam 76.158 millj. kr.
- Framlegð rekstrarársins var 24,3%.
- Hagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA) nam 5.862 millj. kr.
- Heildareignir samstæðunnar námu 26.605 millj. kr. í lok rekstrarársins.
- Handbært fé félagsins nam 4.143 millj. kr. í lok rekstrarársins.
- Eigið fé félagsins nam 12.098 millj. kr. í lok rekstrarársins.
- Eiginfjárhlutfall var 45,5% í lok rekstrarársins.

Vörusala rekstrarársins nam 76.158 milljónum króna, samanborið við 71.771 milljón króna árið áður. Söluaukning félagsins er 6,1%, sem er í takt við veltuaukningu á dagvörumarkaði skv. tölum Hagstofu Íslands. Hækkun 12 mánaða meðaltals vísitölu neysluverðs milli rekstrarára var 3,56%. Framlegð félagsins var 18.471 milljón króna, samanborið við 17.286 milljónir króna árið áður eða 24,3% samanborið við 24,1% en framlegð síðustu sex ára þar á undan var að meðaltali um 24,7%. Rekstrarkostnaður í heild hækkar um 254 milljónir króna eða 2,0% milli ára en kostnaðarhlutfallið lækkar úr 17,4% í 16,7%.

Afkoma fyrir fjármagnsliði, afskriftir og skatta (EBITDA) nam 5.862 milljónum króna, samanborið við 4.963 milljónir króna árið áður. EBITDA framlegð var 7,7%, samanborið við 6,9% árið áður.

Hagnaður rekstrarársins fyrir skatta nam 4.875 milljónum króna, samanborið við 3.738 milljónir króna árið áður. Hagnaður eftir skatta nam 3.953 milljónum króna á rekstrarárinu, sem jafngildir um 5,2% af veltu. en hagnaður eftir skatta á fyrra ári var 2.958 milljónir.

Heildareignir samstæðunnar í lok rekstrarársins námu 26.605 milljónum króna. Fastafjármunir voru 13.049 milljónir króna og veltufjármunir 13.556 milljónir króna. Þar af eru birgðir 4.831 milljón króna en birgðir hafa minnkað um 268 milljónir frá lokum síðasta rekstrarárs eða sem nemur 5,3%.

Eigið fé félagsins var 12.098 milljónir króna í lok rekstrarársins og eiginfjárhlutfall 45,5%. Heildarskuldir samstæðunnar voru 14.507 milljónir króna, þar af voru langtímaskuldir 6.738 milljónir króna. Nettó vaxtaberandi skuldir félagsins í lok rekstrarársins voru 2.680 milljónir

króna en 1.460 milljónir króna voru greiddar inn á langtímalán félagsins umfram lánsamning á árinu.

Handbært fé frá rekstri á rekstrarárinu nam 4.708 milljónum króna, samanborið við 3.888 milljónir króna á fyrra ári. Fjárfestingarhreyfingar rekstrarársins voru 799 milljónir króna og fjármögnunarhreyfingar 2.713 milljónir króna en á rekstrarárinu voru greiddar 586 milljónir króna í arðgreiðslu til hluthafa. Handbært fé í lok rekstrarársins var 4.143 milljónir króna, samanborið við 2.947 milljónir króna árið áður.

Bónus og Hagkaup styrkja Landspítalann til kaupa á aðgerðarþjarka (róbót):

Í tilefni af góðu uppgjöri félagsins afhentu Guðmundur Marteinnsson, framkvæmdastjóri Bónus og Gunnar Ingi Sigurðsson, framkvæmdastjóri Hagkaups Eiríki Jónssyni yfirlækni á Landspítalanum 25 milljóna króna framlag til kaupa á svokölluðum aðgerðarþjarka (róbót). Hann nýtist til margvíslegra skurðaðgerða á grindarholslíffærum kvenna og við þvagfæraskurðlækningar. Með notkun aðgerðarþjarka er inngríp minna og bati skjótari auk þess sem hægt er að hlífa betur nærliggjandi líffærum og viðkvæmri starfsemi.

Framtíðarhorfur:

Horfur í rekstri á rekstrarárinu 2014/15 eru sambærilegar nýliðnu ári og gera áætlanir félagsins ráð fyrir því.

Hafin er vinna við að undirbúa byggingu nýs vöruhúss Banana en stór hluti þeirrar fjárfestingar fellur til á því rekstrarári sem nú er hafið. Ekki hafa verið teknar ákvarðanir um aðrar stórar fjárfestingar umfram eðlilegt viðhald og endurnýjanir í rekstri samstæðunnar. Þó mun áframhaldandi vinna eiga sér stað við að skoða og meta nýja fjárfestingakosti í kjarnastarfsemi, nýjar staðsetningar fyrir verslanir og endurskoðun leigusamninga. Áframhaldandi niðurgreiðsla vaxtaberandi skulda er áformuð og hefur m.a. verið tekin ákvörðun um greiðslu 1.500 milljóna króna inn á lán félagsins í lok maí.

Kynningarfundur fyrir markaðsaðila og hluthafa:

Kynningarfundur fyrir markaðsaðila og hluthafa verður haldinn á Hilton Reykjavík Nordica, föstudaginn 16. maí kl. 8:30, en þar mun Finnur Árnason forstjóri Haga kynna afkomu félagsins og svara spurningum ásamt stjórnendum félagsins.

Kynningarefni, ásamt upptöku af fundinum, verður aðgengilegt að honum loknum á heimasíðu Haga, www.hagar.is.

Fjárhagsdagatal 2014/15:

Aðalfundur 5. júní 2014

1. ársfjórðungur (1. mars – 31. maí): 27. júní 2014
2. ársfjórðungur (1. mars – 31. ágúst): 23. október 2014
3. ársfjórðungur (1. mars – 30. nóvember): 9. janúar 2015
4. ársfjórðungur (1. mars – 28. feb): 12. maí 2015

Nánari upplýsingar veitir Finnur Árnason, forstjóri félagsins, í síma 530-5500.

Ársreikningur Haga hf. Q4 // mars 2013 – febrúar 2014
Lykiltölur í millj. kr. – samstæða

Rekstrarreikningur

	2013/14	2012/13	2013/14	2012/13
	Q4	Q4	1.3-28.2	1.3-28.2
Vörusala	20.367	19.457	76.158	71.771
KSV	(15.424)	(14.756)	(57.687)	(54.485)
Heildarframlegð	4.943	4.701	18.471	17.286
Aðrar tekjur	18	28	124	156
Laun og launatengd gjöld	(1.766)	(1.704)	(6.476)	(6.267)
Annar rekstrarkostnaður	(1.570)	(1.608)	(6.257)	(6.212)
EBITDA	1.625	1.417	5.862	4.963
Afskriftir	(165)	(174)	(654)	(688)
EBIT	1.460	1.243	5.208	4.275
Fjármunatekjur (-gjöld)	(60)	(117)	(333)	(537)
Hagnaður fyrir skatta	1.400	1.126	4.875	3.738
Tekjuskattur	(220)	(231)	(922)	(780)
Hagnaður tímabilsins	1.180	895	3.953	2.958

Efnahagsreikningur

	28.02.2014	28.02.2013
Eignir		
Fastafjármunir	13.049	12.875
Veltufjármunir	13.556	12.839
Eignir samtals	26.605	25.714
Eigið fé og skuldir		
Hlutfé	1.172	1.172
Annað eigið fé	10.926	7.559
Eigið fé samtals	12.098	8.731
Langtímaskuldir	6.738	8.948
Vaxtaberandi skammtímaskuldir	669	667
Aðrar skammtímaskuldir	7.100	7.368
Skuldir samtals	14.507	16.983
Eigið fé og skuldir samtals	26.605	25.714

Sjóðstreymi

	2013/14	2012/13	2013/14	2012/13
	Q4	Q4	1.3-28.2	1.3-28.2
Handbært fé frá rekstri	2.271	1.138	4.708	3.888
Fjárfestingarhreyfingar	(475)	(125)	(799)	(922)
Fjármögnunarhreyfingar	(167)	(656)	(2.713)	(2.168)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	1.629	357	1.196	798
Handbært fé í byrjun tímabils	2.514	2.590	2.947	2.149
Handbært fé í lok tímabils	4.143	2.947	4.143	2.947

Breytingar á eigin fé

	Hlutfé	Yfirverðs- reikningur	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1. mars 2013	1.172	1.272	6.287	8.731
Greiddur arður			(586)	(586)
Hagnaður tímabilsins			3.953	3.953
Eigið fé 28. febrúar 2014	1.172	1.272	9.654	12.098